



# Reglur um fjárhagsaðstoð Dalabyggðar

## skv. lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.

### I. kafli

#### Almenn ákvæði

##### 1. gr.

Skylt er að veita fjárhagsaðstoð til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar, sbr. IV. og VI. kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Heimilt er að veita einstaklingum og fjölskyldum aðstoð vegna sérstakra aðstæðna.

Markmið með veitingu fjárhagsaðstoðar er alla jafna að veita einstaklingum og fjölskyldum aðstoð til sjálfshjálpar.

Gefa skal sérstakan gaum að fjárhagslegum og félagslegum aðstæðum barnafjölskyldna og meta sérstaklega þarfir barna vegna þátttöku þeirra í þroskavænlegu félagsstarfi, í samræmi við 30. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Jafnan skal kanna til þrautar rétt umsækjanda til annarra greiðslna, þar með talið frá almannatryggingum, atvinnuleysistryggingum, lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarfélaga.

Fjárhagsaðstoð skal að öllu jöfnu beitt í tengslum við önnur úrræði svo sem atvinnuleit, fjármálaráðgjöf, sálfræðimeðferð eða nám í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Heimilt er að skilyrða fjárhagsaðstoð við úrræði af þessu tagi.

##### 2. gr.

#### Framfærsluskylda

Hverjum manni er skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára. Fólk sem hefur verið skráð í sambúð í þjóðskrá í 1 ár, á sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón.

##### 3. gr.

#### Lækkun grunnfjárhæðar\*

Hafi umsækjandi hafnað atvinnu eða sagt starfi sínu lausu, án viðhlítandi skýringa, skal aðstoð skerðast að hálfu í tvo mánuði, þann mánuð sem vinnu er hafnað eða starfi sagt lausu sem og næsta mánuð.

Sama á við um atvinnulausan umsækjanda sem ekki framvísar staðfestingu um virka atvinnuleit eða dagpeningavottorði frá svæðisvinnumiðlun án viðhlítandi skýringa.

##### 4. gr.

#### Réttur fylgir lögheimili

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram í lögheimilissveitarfélagi. Þurfi fólk á skyndilegri aðstoð að halda í dvalarsveitarfélagi er skylt að veita tímabundna aðstoð. Skal

\*Grunnfjárhæð miðast við vísitölu neysliverðs í janúar ár hvert. Grunnfjárhæð í janúar 2024: 215.019 kr.



um það hafa samráð við lögheimilissveitarfélag og aðstoð metin og veitt í samræmi við reglur þess. Lögheimilissveitarfélag endurgreiðir dvalarsveitarfélagi kostnaðinn, sbr. 14.gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

#### 5. gr.

##### Tímabil samþykkis hverju sinni

Fjárhagsaðstoð skal að jafnaði greidd fyrir einn mánuð í senn og skulu ákvarðanir um aðstoð að jafnaði ekki ná yfir lengra tímabil en þrjá mánuði. Þegar umsækjandi fær jafnframt bætur frá Tryggingastofnun ríkisins og ljóst er að aðstæður hans muni ekki breytast, er heimilt að samþykkja aðstoð í sex mánuði í senn. Aðstæður þeirra sem fengið hafa fjárhagsaðstoð lengur en sex mánuði skulu kannaðar sérstaklega, félagsleg ráðgjöf veitt í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og ef við á skal máli vísað til umboðsmanns skuldara.

#### 6. gr.

##### Fjárhagsaðstoð aftur í tímann

Fjárhagsaðstoð er ekki greidd aftur í tímann. Félagsmálanefnd getur þó í undantekningartilvikum samþykkt að aðstoð skuli greidd aftur í tímann, þó ekki lengur en einn mánuð.

## II. kafli.

### Umsókn um fjárhagsaðstoð

#### 7. gr.

##### Umsókn og fylgigögn

Umsóknir um fjárhagsaðstoð skal leggja fram hjá félagsþjónustu Dalabyggðar.

Við mat á umsókn um fjárhagsaðstoð skulu liggja fyrir eftirtalin gögn:

- Umsókn á þar til gerðu eyðublaði, undirrituðu af umsækjanda og maka. Þar skulu koma fram upplýsingar um:
  - persónulegar aðstæður
  - lögheimili
  - fjölskyldugerð, nafn og kennitölur maka og barna á framfæri
  - atvinnustaða
  - nákvæmar upplýsingar um tekjur, eignir og skuldir
  - erindi umsækjanda
- Launaseðlar eða önnur staðfesting á tekjum frá undanförunum þremur mánuðum ásamt staðfestu skattframtali eða álagningaseðli.
- Yfirlit yfir allar þær tekjur eða greiðslur fyrir skatta sem umsækjandi, maki/sambúðaraðili eiga rétt á og njóta svo sem atvinnuleysisbætur, mæðra-/feðralaun, leigutekjur o.fl.



Þegar sótt er um vegna sérstakra aðstæðna sbr. IV. kafla skal einnig telja með meðlög og barnabætur.

Sé umsækjandi atvinnulaus skal hann framvísa staðfestingu á virkri atvinnuleit frá vinnumiðlun. Njóti umsækjandi réttar til atvinnuleysisbóta skal hann framvísa dagpeningavottorði. Hafi umsækjandi ekki fengið atvinnuleysisbætur vegna veikinda skal hann framvísa læknisvottorði. Hafi hann ekki skráð sig hjá vinnumiðlun, án viðhlítandi skýringa, hefur það áhrif á fjárhæð, sbr. 3. gr. þessara reglna.

Sé um veikindi að ræða skal umsækjandi framvísa læknisvottorði. Einstaklingar í námi eiga að jafnaði ekki rétt á fjárhagsaðstoð. Sama á við um maka eða sambýlisaðila námsmanns.

#### 8. gr.

Félagsmálanefnd getur, ef þörf krefur, aflað frekari upplýsinga um tekjur og eignir umsækjanda, m.a. hjá skattfyrvöldum, atvinnurekendum, Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóðum og Atvinnuleysistryggingasjóði. Skal það gert í samráði við umsækjanda. Neiti umsækjandi að veita upplýsingar um fjárhag sinn eða maka stöðvast afgreiðsla umsóknar hans.

### **III. kafli**

## **Réttur til fjárhagsaðstoðar**

### **Mat á fjárþörf og útreikningur fjárhagsaðstoðar**

#### 9. gr.

##### Mat á fjárþörf

Við ákvörðun á fjárhagsaðstoð skal grunnfjárþörf til framfærslu lögð til grundvallar og frá henni dregnar heildartekjur. Með framfærslukostnaði er átt við þann lágmarkskostnað sem ætlað er að einstaklingur eða fjölskylda geti lifað af. Tekið er tillit til sérstakra aðstæðna eftir því sem við á, sbr. reglur þessar.

#### 10. gr.

##### Framfærsla barna ekki talin með

Fjárhagsaðstoð til einstaklinga 18 ára og eldri getur numið allt að 215.019 kr. á mánuði miðað við vísitölu neysluverðs (janúar 2024), hér eftir nefnd grunnfjárhæð\*.

Fjárhagsaðstoð til hjóna og fólks í skráðri sambúð getur numið allt að 344.030 kr. á mánuði (215.019 x 1,6).

Mat á fjárhagsaðstoð er óháð því hvort barn eða börn búa á heimilinu.

Fjárhæðir framreiknast í samræmi við vísitölu neysluverðs í janúar ár hvert.

#### 11. gr.

##### Tekjur umsækjanda

Allar tekjur einstaklinga og maka ef við á, í þeim mánuði sem sótt er um og mánuðinum á undan eru taldar með við mat á fjárþörf. Mæðra og feðralaun reiknast umsækjanda til

\*Grunnfjárhæð miðast við vísitölu neysluverðs í janúar ár hvert. Grunnfjárhæð í janúar 2024: 215.019 kr.



tekna. Með tekjum er hér átt við allar tekjur einstaklings og maka, sem ekki eru sérstaklega til framfærslu barna, þ.e. atvinnutekjur, allar skattskyldar tekjur TR, greiðslur úr lífeyrissjóðum, atvinnuleysisbætur, leigutekjur o.s.frv. Eigi umsækjandi rétt á atvinnuleysisbótum, skal reikna þær honum til tekna, hvort sem hann hefur uppfyllt skilyrði Vinnumálastofnunar eða ekki, nema framvísað sé læknisvottorði. Miða skal við heildartekjur áður en skattar eru dregnir frá.

Við afgreiðslu fjárhagsaðstoðar er ekki gert ráð fyrir kostnaði vegna barna enda greiðist hann af barnabótum og meðlögum ef við á. Greiðslur vegna barna teljast ekki til tekna enda ekki reiknað með framfærslukostnaði vegna þeirra við mat á fjárbörf.

Húsaleigu- og vaxtabætur eru ekki taldar til tekna. Gert er ráð fyrir að húsnaðiskostnaði verði fyrst og fremst mætt með greiðslum vaxta- og húsaleigubóta, en einnig er gert ráð fyrir honum í grunnfjárhæð\*.

#### 12. gr.

Atvinnurekendur, sjálfstætt starfandi einstaklingar og fólk í hlutastörfum

Atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi einstaklingar, sem hafa lægri tekjur en sem nemur grunnfjárhæð\*, eiga rétt á fjárhagsaðstoð að því tilskildu að þeir hafi stöðvað atvinnurekstur og leitað réttar síns til atvinnuleysisbóta í samræmi við ákvæði laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006. Sé umsækjandi sjálfstætt starfandi eða launþegi í hlutastarfi með tekjur undir grunnfjárhæð\* skal gerð krafa um að viðkomandi skrái sig hjá vinnumiðlun og leiti að fullu starfi.

#### 13. gr.

Mat á tekjum bænda

Stundi umsækjandi búrekstur skal mat á tekjum byggt á skattframtali síðasta árs vegna umsóknna, sem berast fyrir 1. júlí, en með umsóknum sem berast síðar skal einnig fylgja rekstrar- og efnahagsyfirlit uppfært til 30. júní sl. Eins fylgi umsókninni rekstraráætlun til næstu þriggja ára unnin af aðila með fagþekkingu í landbúnaði, auk tekna utan bús undanfarna þrjá mánuði. Fjárbörf skal miða við grunnfjárbörf, sbr. 10.gr.

### IV. kafli

#### Heimildir vegna sérstakra aðstæðna

#### 14. gr.

Aðstoð til tekjulágra foreldra vegna barna á þeirra framfæri

Heimilt er að veita foreldrum sérstaka fjárhagsaðstoð hafi þeir, undanfarna þrjá mánuði, haft tekjur um eða undir grunnfjárhæð\*. Um er að ræða aðstoð til að greiða fyrir daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíðir, lengdan skólalag, sumardvöl og/eða þátttöku barns í viðurkenndu félags- og tómstundastarfi. Viðmiðunarmörk aðstoðar með hverju barni er sem svarar hálfu meðlagi.



Heimilt er að veita tekjulágum foreldrum fjárstyrk vegna náms 16 og 17 ára barna. Hér er átt við foreldra sem hafa haft tekjur um eða undir grunnfjárhæð\* undanfarna 12 mánuði eða lengur. Skal styrkurinn miða að því að greiða áætlaðan bókakostnað og skólagjöld.

#### 15. gr.

##### Sameiginlegt heimilishald

Þegar umsækjandi um fjárhagsaðstoð býr hjá foreldrum/fjölskyldu og nýtur hagræðis af því lækkar fjárhagsaðstoð til framfærslu um 40%.

#### 16. gr.

##### Greiðsla sérfræðiaðstoðar

Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð til greiðslu nauðsynlegra tannlækninga til einstaklinga sem búið hafa við langvarandi atvinnuleysi, eru lífeyrisþegar eða hafa notið fjárhagsaðstoðar til framfærslu til lengri tíma. Viðmiðunarmörk aðstoðar er allt að hálf grunnfjárhæð\* á ári.

Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð til greiðslu viðtala hjá félagsráðgjöfum, geðlæknum og sálfræðingum, sem lið í umfangsmeiri aðstoð:

Þar sem umsækjendur hafa búið við mikla og langvarandi félagslega erfiðleika, þar sem umsækjendur eða fjölskyldur þeirra hafa orðið fyrir alvarlegum áföllum, svo sem skyndilegum ástvinamissi eða alvarlegu ofbeldi. Viðmiðunarmörk aðstoðar eru 10 viðtöl á ári.

#### 17. gr.

##### Útfararstyrkir

Heimilt er að veita aðstoð til greiðslu útfararkostnaðar þegar staðreynt hefur verið að dánarbúið geti ekki staðið undir útför hins látna. Viðmiðunarmörk aðstoðar er grunnfjárhæð\* x 1,5.

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn um útfararstyrk:

- Staðfest ljósrit af skattframtali hins látna,
- Greiðsluyfirlit frá tryggingastofnun og lífeyrissjóðum,
- Tilkynning sýslumanns um skiptalok á grundvelli eignayfirlýsingar, sbr. 25 gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991, eða einkaskiptaleyfi útgefið af sýslumanni til erfingja skv. 31. gr., sbr. 28 gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl.

Heimilt er að veita eftirlifandi maka lán eða styrk vegna útfararkostnaðar þegar dánarbúið getur ekki greitt fyrir útför hins látna og eignir eftirlifandi maka eru ekki aðrar en íbúðarhúsnæði sem umsækjandi býr í.

Heimilt er að veita foreldri eða foreldrum, sem hafa tekjur á mörkum eða undir grunnfjárhæð\*, fjárhagsaðstoð vegna útfararkostnaðar barns.

Samþykkt aðstoðar greiðist gegn framvísun reiknings frá útfararstofu eða annarra gagna um kostnað vegna útfarar.



## 18. gr.

### Aðstoð vegna áfalla

Heimilt er að veita einstaklingum eða fjölskyldum með tekjur undir grunnfjárhæð\* eða á mörkum hennar, fjárhagsaðstoð vegna skyndilegs missis búslóðar eða annars eignamissis sem orðið hefur vegna bruna eða náttúruhamfara. Aðstoðin kemur einungis til álita þegar tjónþoli hefur ekki haft heimilistryggingu eða aðra tryggingu sem bætir tjónið. Aðstoð miðast að hámarki við grunnframfærslu skv. 10.gr.

## 19. gr.

### Aðstoð vegna sérstakra fjárhagserfiðleika

Heimilt er að veita einstaklingum, hjónum eða sambúðafólki lán eða styrk vegna mikilla fjárhagslegra og félagslegra erfiðleika, að uppfylltum öllum neðangreindum skilyrðum: Staðfest sé að umsækjandi hafi ekki aðgang að lánaþyrirgreiðslu banka, sparisjóða eða annarra lánastofnana.

Fyrir liggja yfirlit starfsmanns félagsþjónustu eða umboðsmanni skuldara um fjárhagsstöðu umsækjanda og tillögur að úrbótum þegar við á.

Fyrir liggja á hvern hátt lán eða styrkur muni bæta fjárhagsstöðu umsækjanda til lengri tíma litið.

Þegar um lán er að ræða skal greiðsluáætlun fylgja með umsókn.

Eigi er heimilt að veita styrk eða lán til greiðslu skulda við banka, sparisjóði eða aðrar lánastofnanir, s.s. greiðslukortafyrirtæki. Þá er hvorki heimilt að veita styrk eða lán til greiðslu skattaskulda og sekta, né heldur til greiðslu skulda við einkaaðila.

Aðstoð samkvæmt þessari grein er veitt vegna barna, þ.e. leikskólaskulda, skulda vegna skólagæslu og fæðis í skóla og ennfremur vegna húsnæðis, þ.e. húsaleigu, fasteignagjalda, rafmagns og hita.

## V. kafli

### Málsmeðferð

Sbr. ákvæði stjórnarsýslulaga, nr.37/1993 og ákvæði XV. og XVI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga

## 20. gr.

### Könnun á aðstæðum

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um fjárhagsaðstoð hefur borist. Sama á við ef félagsþjónustu berast upplýsingar um nauðsyn á aðstoð með öðrum hætti.

\*Grunnfjárhæð miðast við vísitölu neysliverðs í janúar ár hvert. Grunnfjárhæð í janúar 2024: 215.019 kr.



## 21. gr.

### Samvinna við umsækjanda

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal, eftir því sem unnt er, leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda, eða talsmann hans ef við á.

## 22. gr.

### Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Þeim sem kynnst hafa einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki. Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

## 23. gr.

### Afgreiðsla umsókna

Starfsmenn félagsþjónustu afgreiða umsóknir um aðstoð til framfærslu skv. III kafla, en skrá þær og kynna félagsmálanefnd. Aðrar umsóknir skulu afgreiddar af félagsmálanefnd.

## 24. gr.

### Niðurstaða og rökstuðningur synjunar

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og reglna sveitarfélagsins um fjárhagsaðstoð. Einnig skal bent á áfrýjunarleiðir.

## 25. gr.

### Rangar eða villandi upplýsingar

Fjárhagsaðstoð veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem aðstoðina fær er endurkræf samkvæmt almennum reglum kröfuréttar. Ef sannreynt er, við vinnslu máls, að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt séu rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknar.

## 26. gr.

### Málskot til úrskurðanefndar velferðarmála

Umsækjandi getur skotið ákvörðun starfsmanna félagsþjónustu til félagsmálanefndar innan 4 vikna. Ákvarðanir félagsmálanefndar er unnt að bera undir Úrskurðarnefnd velferðarmála skv. lögum um félagsþjónustu nr. 40/1991. Skal það gert innan 4 vikna frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun félagsmálanefndar.

Samþykkt í félagsmálanefnd Dalabyggðar 4.09.2024

Samþykkt í sveitastjórn Dalabyggðar 19.09.2024